



28. fundur stjórnar LH 2022-2024  
19. september 2024 kl. 16:00  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mætt úr aðalstjórn:** Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Hákon Hákonarson, Edda Rún Ragnarsdóttir,

**Mætt úr varastjórn:** Randi Holaker, Birna Tryggvadóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson

**Forföll boðuðu.:** Gróa Björg Baldvinsdóttir, Sóley Margeirsdóttir,

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

### 1. Samþykkt fundargerðar

### 2. FEIF Youth Camp 2025

Formaður æskulýðsnefndar FEIF hefur farið þess á leit við formann æskulýðsnefndar LH að Youth Camp verði haldinn á Íslandi á næsta ári. Þetta er 5-6 daga viðburður, með um 30-50 þátttakendum og 10 farastjórum.

Hlutverk gestgjafans er:

- Skipuleggja heildardagskrá og tryggja öryggi þátttakenda
- Mótsstaður, gisting, fæði og rútuferðir
- Dagskrá: vinnustofur og aðrir viðburðir
- Veita þátttakendum upplýsingar um samgöngur frá flugvelli

Dagskráin skal innihalda fræðslu, þátttakendur fá að fara a.m.k. tvisvar á hestbak, skoðunarferð á einhvern merkilegan stað, og þátttakendur fá innsýn í þjóðlega menningu (matur, hefðir, tungumál, séríslensk hestamennska osfrv.)

*Afgreiðsla: Samþykkt að LH bjóðist til að halda Youth Camp 2025.*

### 3. Skipun valnefndar - samþykkt milli funda

Skipuð var sjö manna valnefnd með fulltrúum frá stjórn LH, FT, HÍDÍ, GDLH og fjölmiðlum.

### 4. Skipun kjörnefndar – samþykkt milli funda

Skipuð var þriggja manna kjörnefnd. Í nefndinni eru Margeir Þorgeirsson, Þórður Ingólfsson og Ragnhildur Loftsdóttir

### 5. Landsþing 2024

Farið yfir innsendar tillögur og tillögur sem stjórn og keppnisnefnd hyggjast leggja fram á þinginu.

Dagskrá þingsins rædd. Tillögur um veitingu gullmerkja og heiðursverðlauna rædd.

*Fundi slitið kl. 21.10*